

Fundargerð 93. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á teams, 22. janúar 2024, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni SSNE og FV
2. Samtal um stefnur ríkisins
3. Tillögur norræna ungmennaráðsins
4. Endurnýjun sóknaráætlanasamninga – aðkoma ráðuneyta
5. Framvinda byggðaaætlunar 2022-2023
6. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Arnar Þór Sveinsson (HRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF, mætti 13:07), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Daníel Svavarsson (FOR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Páll Brynjarsson í forföllum Albertínu F. Elíasdóttur (landshlutasamtökunum, sat ekki fyrsta lið fundarins, mætti 13:09) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Hafþór Einarsson (MRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Áhersluverkefni SSNE og FV.** Fyrir fundinum lágu til staðfestingar þrjú áhersluverkefni frá FV, eitt á ábyrgðasviði IRN, eitt hjá MRN og MVF og eitt hjá URN. Einnig eitt áhersluverkefni frá SSNE á ábyrgðasviði URN. Öll verkefni voru staðfest.
2. **Samtal um stefnur ríkisins.** Í undirbúningi er að boða til tveggja fjarfunda um stefnur ríkisins í tengslum við endurskoðun sóknaráætlana landshluta. Í samráði við fulltrúa landshlutasamtakanna hefur formaður unnið drög að dagskrá sem send hafði verið stýrihópnum fyrir fundinn. Markmiðið með fundum um stefnur ríkisins er að efla samtal milli ríkis og landshluta um stefnur ríkisins og framkvæmd þeirra. Nokkur umræða varð um málið, meðal annars var greint frá umræðu framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna um það. Formaður vinnur málið áfram í samráði við landshlutasamtökin, en stefnt er að fyrri fundurinn verði í lok febrúar.
3. **Tillögur norræna ungmennaráðsins.** Norrænt ungmennaráð, skipað 25 ungmennum á aldrinum 18-25 ára sem öll hafa tengst við landsbyggðina, hefur skilað 40 tillögum um hvernig gera má landsbyggðina aðlaðandi fyrir ungt fólk til búsetu. Formaður sendi tengil á tillögurnar fyrir fundinn og ræddi þá hugmynd að biðja íslensku þátttakendurna í ungmennaráðinu um að kynna tillögurnar fyrir landshlutasamtökunum með sóknaráætlunir í huga. Slíkt væri sömuleiðis áhugavert fyrir stýrihópinn, jafnvel fleiri úr ráðuneytunum. Stýrihópurinn tók vel í hugmyndina og mun formaður hafa samband við íslensku fulltrúana. Skýrsluna og tillögurnar má finna á [vef Nordregio](#).
4. **Endurnýjun sóknaráætlanasamninga – aðkoma ráðuneyta.** Rætt var um mögulega aðkomu fleiri ráðuneyta að næstu sóknaráætlanasamningum. Fram kom sú skoðun að aðkoma ráðuneyta ætti betur heima við ríkisstjórnarborðið.
5. **Framvinda byggðaaætlunar 2022-2023.** Skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaaætlunar hefur verið send þinginu. Formaður þakkaði stýrihópnum hans aðkomu að upplýsingaöflun varðandi stöðu aðgerða.
6. **Önnur mál.** Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:01